



Ungmennasamband Kjalarnesþings

ÞINGGERÐ

59. ÁRSPING

AÐ FÓLKVANGI 5. FEBRÚAR 1983

59. Ársþing U.M.S.K.

haldið í Fólkvangi á Kjalarnesi þann 5.feb.1983.

- I. Formaður UMSK Kristján Sveinbjörnsson setti þingið kl.10.00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Í setningarræði formanns kom m.a. fram að starfsemi sambandsins hafði gengið vel á undanfögnu starfsári.
- Gestir þingsins voru: Hermann Guðmundsson, Pálmi Gíslason, Sigurður Geirdal, Sveinn Björnsson.
- II. Næsta mál á dagskrá var kosning starfsmanna þingsins.
- Fyrsti þingforseti var kjörinn Guðbrandur Hannesson Umf.Dreng. Og annar þingforseti Páll Adalsteinsson.
- Þingritarar voru kjörnir þeir Kristinn G.Jónsson Umf.Kjalnesinga og Helgi Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK.
- Í kjörbréfanefnd voru kosnir:
- Ásgeir Þórðarson Umf.Stjórnunni, Eiríkur Davíðsson Umf.Dreng og Sigurður Geirdal Umf.Breiðablik.
- III. Ávörp gesta voru næst á dagskrá:
- Fyrstur tók til máls Pálmi Gíslason formaður UMFÍ. Flutti hann þinginu kveðjur frá stjórn UMFÍ og þakkaði einnig UMSK fyrir þróttmikið starf á s.l. starfsári. Hvatti hann þingið til enn frekari dáða og benti á að tímabært væri að hefja nú undirbúning fyrir 18.Landsmót UMFÍ sem haldið verður árið 1984.
- Þá tók til máls Sveinn Björnsson forseti Íþróttasambands Íslands og flutti kveðjur frá stjórn ÍSÍ. Þakkaði hann UMSK fyrir mikið og gott starf í þágu íþróttanna á sambandssvæðinu. Þá gerdi hann einnig að umtalsefni útgáfustarfsemi sambandsins þ.e. fréttabréfið og afmælisritið í tilefni af 60 ára afmæli sambandsins. Þakkaði hann sérstaklega hversu vel væri staðið að útgáfustarfsemi hjá UMSK. Fleiri tóku ekki til máls undir liðnum ávörp gesta.

IV. Næsta mál á dagskrá var álit kjörbréfanefndar.

Alls áttu 99 fulltrúar rétt til setu á þinginu frá 15 aðildarfélagum sambandsins. Kjörbréf bárust frá eftirtöldum félagum. Umf.Dreng, Umf.Aftureldingu, Umf.Breiðabliki, Íþróttafélaginu Gerplu, Handknattleiksfélags Kópavogs, Knattspyrnufélaginu Augnablik, Siglingafélagið Ýmir, Siglingaklúbbnum Vogu, Umf.Stjörnunni og Umf.Bessastadahrepps.

Voru kjörbréfin samþykkt að tillögu kjörbréfanefndar.

Eftirtaldir fulltrúar voru mættir á þingið.

Frá Umf.Dreng:

(Rétt til þingsetu 5.)

Guðmundur Davíðsson, formaður.
Hermann Ingólfsson,
Eiríkur Davíðsson,
Guðbrandur Hannesson.

Frá Umf.Kjalnesinga:

(Rétt til þingsetu 4.)

Kristinn G.Jónsson, formaður.
Magnea Ferdinandsdóttir,
Ingibjörg Pálsdóttir.

Frá Umf.Aftureldingu:

(Rétt til þingsetu 9.)

Dröstur Lýðsson,
Emil Karlsson,
Þorgrímur Októsson,
Gunnar Guðmundsson,
Stefán Fjelsted,
Jónína Ármansdóttir.

Frá Umf.Breiðabliki:

(Rétt til þingsetu 9.)

Þorgerður Adalsteinsdóttir,
Gunnar Snorrason,
Birgir Sigurðsson,
Þuríður Benediktsdóttir.

Frá Íþróttafélaginu Gerplu:

(Rétt til þingsetu 9.)

Margrét Bjarnadóttir, formaður.
Sigmar H.Sigurðsson,
Helgi Laxdal,
Evar Þorsteinsson,
Kjell Tveit,
Óskar Karlsson.

Frá Knattspyrnufélaginu Augnablik:

(Rétt til þingsetu 3.)

Sveinn Ottósson.

Frá Handknattleiksfélagi Kópavogs:

(Rétt til þingsetu 9.)

Þorsteinn Einarsson, formaður.
Borgsveinn Þórarinsson,
Finnur Kristinsson.

Frá Siglingafélaginu Ými:

(Rétt til þingsetu 5.)

Páll Hreinsson, formaður.
Ólafur B.Bjarnason,
Gísli Hauksson.

Frá Siglingaklúbbnum Vogu:

(Rétt til þingsetu 6.)

Guðmundur Guðmundsson,
Hannes Strange,
Jón Loftsson.

Frá Umf. Stjórnunni:

(Rétt til þingsetu 6.)

Bergþór Úlfarsson, formaður.

Axel Kvaran,

Asgeir Þórðarson,

Katrín Gunnarsdóttir,

Björg Pálsdóttir,

Fanney Asgeirsdóttir,

Markús Þorleifsson,

Kristbjörg Pálsdóttir,

Stefán Alfredsson.

Frá Umf. Bessastadahrepps:

(Rétt til þingsetu 5.)

Einar Sveinn Reynisson, formaður.

Samkvæmt 6. grein laga UMSK hafa stjórnarmenn sambandsins einnig atkvæðisrétt á þinginu þó þeir séu ekki kjörnir fulltrúar.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru mættir:

Kristján Sveinbjörnsson,

Sveinn Jóhannsson,

Sveinn Ottósson,

Ólafur Magnússon,

Jóhannes Sveinbjörnsson.

Úr varastjórn:

Páll Adalsteinsson.

- V. Að loknu álitum kjörbréfanefndar og kynningu þingfulltrúa. Var flutt skýrsla stjórnar og sérráða.

Kristján Sveinbjörnsson formaður flutti skýrslu stjórnar en hún lá einnig fjölrituð fyrir þinginu.

Sveinn Ottósson gjaldkeri las upp og skýrði reikninga sambandsins.

Niðurstöðutölur rekstarreiknings voru 288.451.05.- og tekjur umfram gjöld voru 11.453.15.-

Niðurstöðutölur efnahagsreiknings voru 183.329.75.-

Reikningarnir lágu frammi fjölritaðir sem hluti af skýrslu stjórnar og undirritaðir af Steinþóri Pálssyni endurskoðanda sambandsins.

Þá flutti Gunnar Guðmundsson skýrslu knattspyrnuráðs og Gunnar

Baldvinsson flutti skýrslu handknattleiksráðs og frjálsíþróttaráðs.

Skýrslur sérráða lágu einnig frammi fjölritaðar sem hluti af skýrslu stjórnar.

VI. Næst var orðið gefið laust um skýrslur og reikninga.

Fyrstur tók til máls Hermann Guðmundsson. Þakkaði hann fyrir greina-
góðar skýrslur stjórnar og sérráða. Þá gerði hann að umtalsefni
útfyllingu kennsluskýrslna og bar lof á UMSK fyrir það hversu vel
hefði verið staðið að þeim málum hjá sambandinu á undanförunum árum.
Þá tók til máls Helgi Gunnarsson og skýrði hann frá því að ákveðið
hefði verið að veita aðstoð við útfyllingu kennsluskýrslna á
skrifstofu UMSK.

Næstur tók til máls Sigurður Geirdal. Lýsti hann ánægju sinni með
starf UMSK á s.l. starfsári. Kveðst hann hafa fylgst náið með
gangi mála hjá sambandinu þar sem skrifstofa UMSK væri í sama
húsi og skrifstofa UMFÍ og væri gott samstarf þar á milli.
Taldi hann að UMSK væri á réttri braut en eflaust mætti betur
gera. Sérstaklega taldi hann ársskýrslu sambandsins vel úr garði
gerða.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um skýrslu stjórnar. Voru þá
reikningar sambandsins bornir upp til samþykkis og voru þeir
samþykktir.

VII. Að því loknu var gert matarhlé. Þingfulltrúar og gestir þágu
hádegisverð í bœði Sveitarstjórnar Kjalarneshrepps.

Jón Ólafsson oddviti Kjalarneshrepps ávarpaði þingheim undir
borðum og rakti sögu Umf.Kjalnesinga. Einnig sagði hann frá
byggðalaginu og byggðapróun í hreppnum. Loks óskaði hann
Ungmennasambandi Kjalarnesþings alls hins besta á ókomnum árum.

Kristján Sveinbjörnsson formaður UMSK tók til máls og þakkaði fyrir
hönd viðstaddra. Þá skýrði hann frá þeirri ákvörðun stjórnar UMSK
að veita sérstaka viðurkenningu íþróttafólki innan sambandsins sem
nær framúrskarandi árangri. Viðurkenningin veitist einstökum
íþróttamönnum eða flokki íþróttamanna. Að þessu sinni urðu
fyrir valinu liðsmenn meistaraflokks kvenna í knattspyrnu í
Umf.Breidabliki. Jón Ingi Ragnarsson formaður knattspyrnudeildar
Breidabliks og Rósa Valdimarsdóttir fyrirliði veittu viðurkenningunni
viðtöku sem er veglegur bikar sem Umf.Stjarnan gaf UMSK í tilefni
60 ára afmælisins á s.l. ári. Auk þessa fengu stúlkurnar
verðlaunapeninga sem á var letrað "Afrekmaður 1982".

VIII. Að afloknu matarhléi var þinginu skipt upp í nefndir.

Fræðslu og útbreiðslunefnd, Landsmótsnefnd,
Íþróttanefnd, Fjárhagsnefnd,
Allsherjarnefnd, Kjörnefnd.

Eftirtaldar tillögur frá stjórn lágu fyrir þinginu og var þeim vísað til nefnda sem hér segir:

Tillaga nr. 1 59.ársþing UMSK þakkar sveitarstjórnnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ár og leggur til við sveitafélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1984 við íbúafjölda, kr. 8 á íbúa. Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga nr. 2 59.ársþing UMSK samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði 15 kr. á hvern gjaldskyldan féлага 1983.

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga nr. 3 59.ársþing UMSK sendir öllum þeim sem minntust 60 ára afmælis UMSK, á einn eða annan hátt, bestu þakkir og kveðjur. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 4 59.ársþing UMSK samþykkir að stofnuð verði landsmótsnefnd til undirbúnings þátttöku sambandsins á 18.Landsmóti UMFf. Þingið beinir eftirfarandi til nefndarinnar:

I. Nefndin annist þátttöku UMSK í öllum forkeppnum sem haldnar verða fyrir landsmótið.

II. Nefndin hugi að búningamálum sambandsins.

III. Nefndin undirbúi fjáröflun fyrir landsmótið.

Tillögunni var vísað til landsmótsnefndar.

Tillaga nr. 5 59.ársþing UMSK samþykkir að beina eftirfarandi til stjórnar sambandsins:

I. Öll íþróttamót sem haldin voru á vegum UMSK 1982, verði haldin aftur 1983.

II. Stefnt verði að fjölgun héraðsmóta þannig að þau verði haldin í sem flestum íþróttagreinum sem stundaðar eru á vegum aðildarfélaganna.

III. Í því sambandi er stjórninni heimilt að fjölga sérráðum.

Tillögunni var vísað til íþróttanefndar.

Tillaga nr. 6 Um breytingu á lögum UMSK. Breytingartillaga á 6 gr.laganna: Í stað: "... fyrir hverja tvo tugi"; standi:

fyrir hverja fimm tugi. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

Einnig skyldu nefndirnar fjalla hver um sinn málaflokk í skýrslu stjórnar.

IX. Nefndir störfuðu frá kl.14.30 til 15.45

og var þá gert kaffihlé.

X. Ungmennafélagið Drengur í Kjós bauð til kaffiveitinga og tók þá formaður félagsins Guðmundur Davíðsson til máls og bað menn að gjöra svo vel.

Pálmi Gíslason formaður Ungmennafélags Íslands kvaddi sér hljóðs undir borðum og veitti þeim Pálmi Aðalsteinssyni UMFA og Gunnari Snorrasyni UBK starfsmerki UMFÍ.

Þá kvaddi sér hljóðs Kristján Sveinbjörnsson formaður UMSK og afhenti félagsmálaskjöld UMSK. Var þetta í annað sinn sem skjöldurinn er veittur og hlaut hann að þessu sinni Páll Aðalsteinsson.

Loks stóð Sveinn Ottósson gjaldkeri UMSK upp og þakkaði Umf.Dreng fyrir hönd sambandsins fyrir þær rausnarlegu veitingar sem á borð voru bornar.

XI. Að loknu kaffihléi skiluðu nefndir þingsins álit.

a) Álit fræðslu og útbreiðslunefndar.

Framsögumaður nefndarinnar var Óskar Karlsson.

1. Fréttabréf UMSK. Það var álit nefndarinnar að Fréttabréfið væri nauðsynlegur þáttur í kynningarstarfsemi sambandsins og að haldið skyldi áfram á sömu braut með útgáfu þess.

2. 60 ára afmælisrit UMSK. Nefndin taldi að afmælisritið væri vandað og gott, og verðug heimild um störf sambandsins.

Það voru tilmæli nefndarinnar að reynt yrði að finna eitthvert gott nafn á UMSK blaðið í framtíðinni.

3. Félagsmálafræðsla. Framsögumaður lýsti nauðsyn fræðslu-starfs hjá félögunum. Benti hann á að kostnaður við félagsmálanámskeið væri nánast enginn fyrir félögin þar sem námskeiðin væru styrkt af Æskulýðsráði Ríkisins.

Nefndin beindi þeim eindregnu tilmælum til aðildarféлага UMSK að leita til skrifstofu sambandsins eftir aðstoð til að koma á Félagsmálanámskeiðum. Þegar framsögumaður hafði lokið máli sínu var orðið gefið laust um álit nefndarinnar. Þá tók til máls Helgi Gunnarsson og áréttaði það sem áður hafði komið fram um félagsmálafræðslu.

Ennfremur sagði hann í stuttu máli frá Félagsmálaskóla UMFÍ sem fer með yfirstjórn fræðslumála hjá ungmennafélagshreyfingunni. Fram kom að fræðslustarfi hefur ekki verið sinnt sem skyldi innan UMSK á undanförunum árum. Við svo búið mætti ekki standa og myndi því skrifstofa UMSK hefja frumkvæði í þeim málum. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um álit Fræðslu- og útbreiðslunefndar og engar beinar tillögur lágu fyrir.

b) Álit Allsherjarnefndar.

Framsögumaður var Bergþór Úlfarsson.

Nefndin lagði til að tillaga nr.3 og tillaga nr. 6 sem lagðar voru fyrir nefndina yrðu samþykktar óbreyttar. Allsherjarnefnd fjallaði um sumarhúsið í Þrastaskógi. Nefndin vill leggja áherslu á að framkvæmdum við skálan verði lokið sem fyrst, þ.e. lagningu vatns og rafmagns svo og uppsetn. innréttinga. Einnig vill nefndin beina þeim tilmælum til stjórnar UMSK að efna til hópferðar með stjórnarmönnum féлага- og íþróttadeilda, til kynningar á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru.

Loks lagði nefndin fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga 7. 59.ársþing UMSK haldið að Fólkvangi 5.febrúar 1983 hvetur stjórnvöld til að leggja aukna áherslu á eflingu íslenskrar framleiðslu og kynningu á henni innan lands sem utan.

Sem rökstuðning með tillögunni kom fram að í framhaldi af þeirri umræðu og forustu sem ungmennafélagshreyfingin hafði um eflingu íslenskrar framleiðslu á s.l. ári væri edlilegt að þing UMSK fylgdi málinu eftir og gerði þessa ályktun í því sambandi.

Umræður urðu ekki um álit allsherjarnefndar. Næst voru því tillögurnar bornar undir atkvæði.

Tillaga nr. 3 var svohljóðandi: 59.ársþing UMSK sendir öllum þeim sem minntust 60 ára afmælis UMSK á einn eða annan hátt, bestu þakkir og kveðjur.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 6 var svohljóðandi: Tillaga um breytingu á lögum UMSK. Breytingartillaga á 6.gr.laganna: Í stað: "... fyrir hverja tvo tugi"; standi: fyrir hverja fimm tugi.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Loks var borin undir atkvæði tillaga nefndarinnar um eflingu íslenskrar framleiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

c) Álit fjárhagsnefndar.

Framsögumaður var Þröstur Lýðsson.

Nefndin lagði til að tillaga nr. 1 frá stórn yrði samþykkt óbreytt. Þá lagði nefndin fram tillögu nr. 2 frá stjórn um skatt aðildarfélaganna breytta, þannig að skatturinn yrði kr. 20.- á hver skattskyldan félagi fyrir árið 1983 í stað 15 kr. eins og tillaga stjórnar gerði ráð fyrir.

Auk þessa komu eftirfarandi tillögur frá Fjárhagsnefnd.

Tillaga 8. 59.ársþing UMSK hvetur stjórn til að huga betur að sölu getraunaseðla næsta haust og að beita öllum tiltækum ráðum til að auka söluna.

Tillaga 9. 59.ársþing UMSK hvetur stjórn til að athuga möguleika á að halda fleiri dansleiki til fjáröflunar.

Nokkrar umræður urðu um álit Fjárhagsnefndar.

Gunnar Baldvinsson lýsti andstöðu sinni við það að sambandið stæði fyrir frekara dansleikjahaldi.

Sigurður Geirdal benti þingfulltrúum á að fara varlega í að samþykkja hækkanir á skatti félaganna til sambandsins. Lagði hann áherslu á nauðsyn þess að sveitarfélögin á svæðinu greiddu meira til sambandsins og vildi meina að þau væru langt á eftir tímanum hvað framlög snerti. Ennfremur beindi hann því til stjórnar UMSK að sambandið tæki aftur upp rekstur sumarþúða.

Helgi Gunnarsson lýsti ánægju sinni með tillögur Fjárhagsnefndar og lagði áherslu á tryggan fjárhagsgrundvöll fyrir rekstri sambandsins.

Kristján Sveinbjörnsson flutti svohljóðandi tillögu í tilefni umræðunnar um framlög sveitarfélaga.

Tillaga 10.

59.ársþing UMSK felur stjórn sambandsins að boða til ráðstefnu um æskulýds- og íþróttamál í héraðinu. Til ráðstefunnar verði boðið fulltrúum allra sveitarstjórna og æskulýðsfélaga í héraðinu. Ráðstefnan verði haldinn í haust.

Gunnar Baldvinsson,
Kristján Sveinbjörnsson.

Markús Þorleifsson bendi á nauðsyn þess að UMSK kæmi á fót íþróttaskóla jafnvel í tengslum við sumarhúðir.

Guðbrandur Hannesson lýsti stuðningi við hækkun félagsgjalda til UMSK.

Margrét Bjarnadóttir sagði að það væru ekki bara sveitarfélögin sem væru á eftir tímanum með framlög til íþróttahreyfingarinnar, fyrst og fremst væri það ríkið sem væri á eftir í þessu efni. Margrét fagnaði hugmyndum um rekstur sumarhúða á vegum UMSK.

Að loknum umræðum voru tillögunar bornar undir atkvæði.

Tillaga 1. (um framlög sveitarfélaga) var samþykkt með megin þorra atkvæða gegn 4.

Tillaga 2. (um skatt aðildarfélaga) var samþykkt með megin þorra atkvæða gegn 6.

Tillaga 8. (um getraunir) var samþykkt samhljóða.

Tillaga 9. (um dansleikjahald) var samþykkt með megin þorra atkvæða gegn 5.

Tillaga 10. (um ráðstefnu um æskulýðsmál) var samþykkt samhljóða.

d) Álit íþróttanefndar.

Framsögumaður var Gunnar Snorrason.

Nefndin tók undir allt sem fram kom í tillögu 5 sem vísað var til nefndarinnar og lagði til að hún yrði samþykkt.

Sérstaklega fagnaði nefndin stofnun sérráða og benti á nytsemi þeirra. Þá beindi nefndin því til frjálsíþróttadeilda innan sambandsins að þar hefðu meiri samband sín á milli.

Einnig beindi nefndin því til aðildarféлага sambandsins að þau studluðu að stofnun nýrra deilda t.d. með íþróttir fyrir fatlada og lyftingar.

Í máli framsögumanns kom fram að leggja bæri meiri áherslu á unga fólkid. Eins beindi hann því til félaganna að þau væru vakandi yfir þeim miklu félagaskiptum sem nú ættu sér stad. Íþróttanefnd þakkaði UMSK vel unnin störf.

Engar umræður urðu um álit íþróttanefndar.

Ofangreindar ályktanir íþróttanefndar voru bornar undir þingid og hlutu þær stuðning þess og samþykki.

Tillaga nr. 5 var samþykkt samhljóða.

e) Álit landsmótsnefndar.

Framsögumaður var Páll Aðalsteinsson.

Landsmótsnefnd lagði til að tillaga nr. 4 yrði samþykkt.

Dá kom frá nefndinni svohljóðandi tillaga.

Tillaga 11. 59.ársþing UMSK samþykkir að ítreka fyrri umsókn til stjórnar Ungmennafélags Íslands um að sambandið fái að halda Landsmót 1990 að Varmá í Mosfellssveit. Þingid hvetur stjórn UMSK að hefja vidræður við sveitarstjórn Mosfellshrepps um nauðsynlegan undirbúning vegna væntanlegs landsmóts.

Einnig lagði nefndin til að ný stjórn skipaði Landsmótsnefnd sem fyrst og lagði áherslu á að undirbúningur yrði hæfinn sem fyrst. Benti nefndin meðal annars á að stórauka þyrfti sundid á félagssvæðinu.

Nefndin fjalladi um kvennaknattspyrnu og ræddi um að æskilegt væri að stjórn UMSK sækti um að kvennaknattspyrna verði tekinn upp á landsmóti.

Ekki urðu umræður um álit Landsmótsnefndar.

Tillaga nr. 4 var samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 11 var samþykkt samhljóða.

Samþykkt var að fela nýrri stjórn að skipa landsmótsnefnd.

XII. Næsti liður á dagskrá voru kosningar.

Jónína Ármannsdóttir flutti tillögur kjörnefndar, sem voru eftirfarandi.

Tillaga um stjórn UMSK og endurskoðendur.

Formaður:	Kristján Sveinbjörnsson,	Umf.Bessastaðahr.
Áðrir í stjórn:	Gunnar Guðmundsson,	Umf.Afturelding
	Jóhannes Sveinbjörnsson,	Umf.Stjarnan
	Ólafur Magnússon,	Umf.Drengur
	Sveinn Jóhannsson,	Umf.Breiðablik
Til vara:	Louise Anna Schilt	Umf.Afturelding
	Kristinn G.Jónsson,	Umf.Kjalnesinga
	Páll Adalsteinsson,	Umf.Afturelding.
Endurskoðendur:	Steinþór Pálsson,	Umf.Afturelding
	Sigurður Geirdal,	Umf.Breiðablik.

Tillaga um frjálsíþróttaráð.

Adalmenn:

Jón Þ.Sverrisson,	UBK
Sigsteinn Sigurðsson,	Umf.stj.
Einar Sigurðsson,	UBK
Til vara.	
Karl Stefánsson,	UBK

Tillaga um handknattleiksráð.

Alexander Þórisson,	UBK
Guðmundur Jónsson,	Umf.Stjarnan
Marínó Njálsson	Umf.Grótta
Þorsteinn Einarsson,	HK
Þröstur Lýðsson,	Umf.Afturelding

Tillaga um karateráð.

Tillaga um Knattspyrnuráð.

Ari Þórðarson,	Umf.Augnab.
Grétar Bergsson,	ÍK
Gunnar Guðmundsson,	Umf.Afture.
Jóhannes Sveinbjörnss.	Umf.Stj.
Pétur Sigurðsson,	Gróttu

Fanney Ásgeirsdóttir,	Umf.Stjarnan
Jón Ó.Skarphéðinsson,	Umf.Gerplu
Þorlákur Kristinsson,	Umf.Gerplu
Þór Ólafsson,	Umf.Stjarnan

Tillaga um menn í héraðsdómstól.

Albert H.N. Valdimarsson,	HK
Sigurður Skarphéðinsson,	Umf.Afturelding
Tómas Guðmundsson,	Umf.Gerplu.

Áðrar tillögur komu ekki fram og var því sjálfkjörið skv. tillögum kjörnefndar.

XIII. Áð tillögu þingforseta var hér skotið inn í dagskrárliðnum önnur mál.

Margrét Bjarnadóttir flutti kveðjur til UMSK frá Íþróttafélaginu Gerplu. Hún óskaði einnig Páli Adalsteinssyni til hamingju með félagsmálaskjöldinn, en hún var handhafi hans áður.

Páll Adalsteinsson þakkadi fyrir þann heiður að fá afhentan félagsmálaskjöld UMSK til varðveislu næsta starfsár. Hann hvatti einnig alla til að standa vel að undirbúningi og þátttöku UMSK í 18.Landsmóti UMFÍ.

Kristján Sveinbjörnsson þakkadi það traust sem honum var sýnt með því að endurkjósa hann sem formann UMSK. Einnig þakkadi hann fráfarandi stjórnar mönnum vel unnin störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

XIV. Þingforseti sleit þinginu kl.18.15

Fundarritarar
Helgi Gunnarsson,
Kristinn G.Jónsson.

Tillögur samþykktar á 59.árspingi UMSK.

Tillaga nr. 1

59.ársping UMSK þakkar sveitarstjórnnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ár og leggur til við sveitafélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1984 við úbúafjölda, kr. 8 á íbúa.

Tillaga nr. 2

59.ársping UMSK samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði 15 kr. á hvern gjaldskyldan féлага 1983.

Tillaga nr. 3

59.ársping UMSK sendir öllum þeim sem minntust 60 ára afmælis UMSK, á einn eða annan hátt, bestu þakkir og kveðjur.

Tillaga nr. 4

59.ársping UMSK samþykkir að stofnuð verði landsmótsnefnd til undirbúnings þátttöku sambandsins á 18.Landsmóti UMFÍ.

Tillaga nr. 5

59.ársping UMSK samþykkir að beina eftirfarandi til stjórnar sambandsins:

- I. Öll íþróttamót sem haldin voru á vegum UMSK 1982, verði haldin aftur 1983.
- II. Stefnt verði að fjölgun héraðsmóta þannig að þau verði haldin í sem flestum íþróttagreinum sem stundaðar eru á vegum aðildarfélaganna.
- III. Í því sambandi er stjórninni heimilt að fjölga sérráðum.

Tillaga nr. 6

Um breytingu á lögum UMSK. Breytingartillaga á 6.gr. laganna:
Í stað: "... fyrir hverja tvo tugi"; standi: fyrir hverja fimm tugi.

Tillaga nr. 7

59.ársping UMSK haldið að Fólkvangi 5.febrúar 1983 hvetur stjórnvöld til að leggja aukna áherslu á eflingu íslenskrar framleiðslu og kynningu á henni innan lands sem utan.

Tillaga nr. 8

59.ársping UMSK hvetur stjórn til að huga betur að sölu getraunasedla næsta haust og að beita öllum tiltækum ráðum til að auka söluna.

Tillaga nr. 9

59. ársþing UMSK hvetur stjórn til að athuga möguleika á að halda fleiri dansleiki til fjáröflunar.

Tillaga nr. 10

59. ársþing UMSK felur stjórn sambandsins að boða til ráðstefnu um æskulýds- og íþróttamál í héraðinu. Til ráðstefnunnar verði boðið fulltrúum allra sveitarstjórna og æskulýðsfélaga í héraðinu. Ráðstefnan verði haldin í haust.

Tillaga nr. 11

59. ársþing UMSK samþykkir að ítreka fyrri umsókn til stjórnar Ungmennafélags Íslands um að sambandið fái að halda landsmót árið 1990 að Varmá í Mosfellssveit. Þingið hvetur stjórn UMSK að hefja viðræður við sveitarstjórn Mosfellshrepps um nauðsynlegan undirbúning vegna væntanlegs landsmóts.